



GRÆNT BÓKHALD 2009

NORÐURÁL GRUNDARTANGI EHF

Góð umgengni við umhverfið er lykilatriði í ábyrgum rekstri fyrirtækisins og er tryggð með stöðugri vöktun umhverfisþátta



YFIRLÝSING FORSTJÓRA OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Undirritaðir staðfesta hér með að allar upplýsingar sem fram koma í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2009 eru réttar og veittar samkvæmt bestu vitund.

Með tilliti til umhverfismála var rekstur fyrirtækisins með eðlilegum hætti á árinu og virkri vöktun sinni í samræmi við vöktunaráætlun og kröfur starfsleyfis.

Rekstur Norðuráls Grundartanga ehf. tekur mið af umhverfisstefnu fyrirtækisins og er ávallt tekið fullt tillit til umhverfismála í allri starfsemi og ákvarðanatöku. Mengunarvarnarbúnaður uppfyllir ítrustu kröfur og niðurstöður greininga á umhverfisvöktun eru nýttar til stöðugra umbóta með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækisins.

Grænt bókhald gegnir veigamiklu hlutverki í umbótaferlinu þar sem upplýsingum um endurvinnslu og förgun auk notkunar á hráefnum er haldið til haga. Góð umgengni við umhverfið er lykilatriði í ábyrgum rekstri fyrirtækisins og er tryggð með stöðugri vöktun umhverfisþátta.

Rekstur fyrirtækisins á árinu 2009 var í samræmi við rekstraráætlanir. Ljóst er að jafnvægi hefur náðst eftir að álverið á Grundartanga komst í fullan rekstur síðla árs 2007 og á það ekki síst við um árangur í umhverfismálum.

Ragnar Guðmundsson
Forstjóri Norðuráls ehf.

Gunnar Guðlaugsson
Framkvæmdastjóri Norðuráls Grundartanga ehf.

ENDURSKOÐUN

VSÓ RÁÐGJÖF

Áritun Endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirfarið upplýsingar sem fram koma í grænu bókhaldi fyrir Norðurál Grundartanga ehf fyrir árið 2009. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr.851/2002 um grænt bókhald. Norðurál Grundartanga ehf er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar. Grænt bókhald er fært af stjórnendum Norðuráls Grundartanga ehf og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst á því álitum sem ég læt í ljós á framsettum gögnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðunin er í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur, en samkvæmt henni ber að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að gögn sem fram koma í grænu bókhaldi fyrirtækisins, séu í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreina upplýsingar sem fram eru settar í grænu bókhaldi. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í græna bókhaldinu. Allar framsettar upplýsingar eru bornar saman við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi fyrir Norðurál Grundartangi ehf.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanleg traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að grænt bókhald Norðuráls Grundartanga ehf gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2009.

Reykjavík, 14. maí 2010.

VSÓ Ráðgjöf


Guðjón Jónsson
efnaverkfræðingur

STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN NORÐURÁLS

Stefna Norðuráls er að framleiða ál sem mætir þörfum viðskiptavina á hverjum tíma á ábyrgan, öruggan og samkeppnisfæran hátt.

Framtíðarsýn Norðuráls er að skila eigendum sínum góðri arðsemi og vera kjölfesta í samfélaginu sem nýtir mannauð, eignir og auðlindir á ábyrgan hátt þannig að fyrirtækið sé fyrirmynd annarra á Íslandi sem og á alþjóðlega vísu.

Starfmenn vinna samkvæmt stefnumiðum Norðuráls til að ná settum markmiðum og framtíðarsýn með markvissri hugsun, stöðugum umbótum, ábyrgð, hagsýni og samstarfi.

Stefnumið

Framúrskarandi vinnubrögð

- Öryggi er í fyrirrúmi í öllu starfi
- Við tileinkum okkur aðferðir gæðastjórnunar og skilum góðu verki
- Verkferlar byggja á réttu verklagi, sem hámarkar árangur og fyrirbyggir mistök.
- Við göngum um tækjabúnað af virðingu til að tryggja áreiðanleika
- Við skilgreinum lykilmælikvarða og stjórnnum eftir þeim

Stöðugar umbætur

- Við ræktum sköpunarhæfni og hvetjum til frumkvæðis og nýsköpunar
- Svigrúm til að bæta vinnulag og árangur er ávallt fyrir hendi

Samstarf

- Við umgöngumst hvert annað af virðingu og kurteisi
- Við viljum að samskipti ýti undir áhuga og endurspegli vilja til að bæta árangur
- Tjáskipti milli einstaklinga og hópa eru markviss og nákvæm
- Þátttaka og aðild starfsmanna að verkefnum er forgangsríði
- Við erum sveigjanleg í öllu okkar starfi

Áreiðanleiki

- Við leggjum áherslu á gott siðferði og fagmennsku í hvívetna
- Við höfum sterka ábyrgðarkennd og vitum að framlag okkar skiptir máli
- Öll skipulagsþrep hafa skilgreind hlutverk, framlag og ábyrgð
- Framlag sem skilar árangri er metið að verðleikum

Samfélagsleg ábyrgð

- Góð umgengni við umhverfið er tryggð með skynsamlegum og ábyrgum rekstri
- Störf hjá Norðuráli eru eftirsóknarverð, krefjandi og gefandi.
- Starfsemi Norðuráls skilar markverðu framlagi til íslensks efnahags og samfélags

Árangur

- Öll störf eru virðisaukandi og komið er í veg fyrir hverskyns soun
- Stuðlað er að aukinni framleiðni með framþróun og sjálfvirkni
- Allar fjárfestingar miða að því að efla öryggi, bæta umhverfi og auka hagkvæmni

STJÓRN OG STARFSLEYFI

Norðurál Grundartangi ehf. er dótturfélag Norðuráls ehf. en forstjóri beggja félaganna og ábyrgðaraðili er Ragnar Guðmundsson. Norðurál ehf. er í eigu bandaríska fyrirtækisins Century Aluminum Company. Í stjórn Norðuráls ehf. sitja Robert R. Nielsen, Wayne Hale, Steve Schneider, Michael Bless, Michelle Lair, David Kjos og Ragnar Guðmundsson.

Álver Norðuráls Grundartanga ehf. hefur starfsleyfi fyrir framleiðslu á allt að 300.000 tonnum af áli. Starfsleyfið var gefið út af Umhverfisstofnun þann 24. febrúar 2003 en stofnunin er jafnframt eftirlitsaðili með starfsemi fyrirtækisins. Starfsleyfið gildir til 1. júní 2020 og er veitt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt starfsleyfinu skal rekstur álversins vera í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Starfsemi Norðuráls Grundartanga fellur undir fyrirtækjaflokk 2.1 álframleiðsla samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun skal rekstur álversins vera í samræmi við bestu fánlegu tækni sem völ er á í kerskálum, málmsteypu og hreinsivirkjum þeim tengdum. Bestu fánlegu tækni er lýst í ákvæðum tilskipunar nr. 96/61/ESB um mengunarvarnir og eftirlit og skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Framkvæmdastjórn Norðuráls Grundartanga ehf. skipa:

Gunnar Guðlaugsson	Framkvæmdastjóri
Aksel Jansen	Innkaupastjóri
Árni Stefánsson	Framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála
Fjalar Ríkharðsson	Framkvæmdastjóri viðhaldsviðs
Gauti Höskuldsson	Framkvæmdastjóri kerskála
Óskar Jónsson	Framkvæmdastjóri umhverfis- og verkfræðisviðs
Rakel Heiðmarsdóttir	Framkvæmdastjóri mannauðssviðs
Sandra M. Sigurjónsdóttir	Framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Trausti Gylfason	Öryggisstjóri


NORÐURÁL

Norðurál Grundartangi hóf starfsemi árið 1998. Ársframleiðslan var í upphafi 60.000 tonn og fjöldi starfsmanna 160. Álverið hefur vaxið í hóflegum áföngum og náði 260.000 tonna framleiðslugetu árið 2007. Stöðugildi eru nú um 550 talsins.

Störf hjá Norðuráli eru fjölbætt. Þar starfa m.a. verkfræðingar, tæknifræðingar, viðskiptafræðingar, sálfræðingar, efnafræðingar, eðlisfræðingar, líffræðingar, tölvunarfræðingar, vélstjórar, rafvirkjar og rafsuðumenn, auk ófaglærða starfsmanna sem öðlast sérhæfingu við störf sín og nám hjá álverinu. Stefna Norðuráls er að starfsfólk komi sem mest úr nágrannabyggðum.

Norðurál hefur frá upphafi valið „íslensku leiðina“. Þannig hefur fyrirtækið verið byggt upp með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og þess gætt að það vaxi í hóflegum áföngum í sátt við íslenskt samfélag. Norðurál hefur lagt áherslu á að nýta íslenskt hugvit og íslenska þjónustu sem frekast er unnt.

Ársframleiðsla Norðuráls á áli árin 1999 - 2009



Það er stefna Norðuráls að starfsumhverfi, jafnt sem ytra umhverfi sé eins heilnæmt og kostur er með velferð starfsmanna, nágranna og náttúrunnar að leiðarljósi. Tryggt verður að varfærni í umhverfismálum verði eðlilegur þáttur í allri starfsemi og ákvarðanatöku. Með markvissri endurskoðun og endurbótum á starfseminni verður sífellt reynt að ná betri árangri í umhverfismálum.


Fyrirtækið hefur staðið að rannsóknarverkefnum og nýsköpun á þessu sviði. Þar má nefna alþjóðlegar viðurkenningar vegna lækkunar á tíðni svokallaðra spennurisa en sá árangur stuðlar einnig að lágmarkun á losun koldíoxíðsjafngilda.

Þá hefur Norðurál tekið í gagnið nýja tækni við hitun á biðofnum í steypuskála. Hún felst í því að ofnarnir eru hitaðir með rafmagni í stað olíu, sem ásamt gasi er algengasti orkugjafinn til slíkra nota í álverum. Norðurál er einn af brautryðjendum á þessu sviði í heiminum en hér fara saman bætt loftgæði, hljóðlátari starfsemi og minnkuð koldíoxíðlosun.


LOSUN TIL LOFTS OG ÞYNNINGARSVÆÐI

Losun á flúor, ryki og brennisteinsdíoxíði á sér stað um skorstein og um rjáfur.


Stöðugar ljósgleypnimælingar eru gerðar í skorsteinum þurrhreinisvirkjana með þar til gerðum lasermælum. Mælarnir gefa upplýsingar um styrk efnana á rauntíma.



Öll losun Norðuráls á loftkenndum flúor er mæld með til þess gerðum lasermælum bæði skorsteinum og í rjáfri.




Ryklosun er mæld í skorsteinum með lasermælum en notast er við ljósfrákastsmælingar




Brennisteinsdíoxíð er mælt með UV mæli sem skannar útfjólubláa litrófið frá 180nm og upp í 340nm

*Losunarmörk flúors voru hærrí frá degi til dags vegna uppkeyrslu síðasta áfanga álversins. Þetta er í samræmi við ákvæði starfleysfis



Losun á gróðurhúsalofttegundum er í réttu hlutfalli við fjölda spennurisa og lengd þeirra. Mæling á spennurinum með spennu yfir 8V ákvarðar spennurisið sjálf.




Þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Þynningarsvæði er það svæði þar sem þynning á útstreymi á að eiga sér stað. Utan þess skal styrkur skilgreindra efna vera undir viðmiðunarmörkum sem þar eru sett.

FLÆÐIGRYFJUR

Í starfsleyfi Norðuráls er leyfilegt að koma sérstökum ónýttum, föstum úrgangi fyrir í svokölluðum flæðigryfjum við ströndina í nágrenni álversins. Slíkur fastur úrgangur er m.a. kerbrot, óendurvinnanlegar málmleifar, kola- og súralsryk. Flæðigryfja er afmörkuð með grjótgarði og hún síðan fyllt með úrganginum. Veggir flæðigryfjunnar hindra að fínar, tiltölulega léttar rykagnir gruggi sjóinn.

Kerbrot eru blönduð og hulin skeljasandi jafnóðum og sett er í flæðigryfjuna. Þegar hámarkshleðsluhæð kerbrota er náð, eru þau hulin skeljasandi og jarðvegi. Sjór fellur svo um gryfjuna vegna sjávarfalla og með aðstoð skeljasandsins, ásamt jónum sem eru uppleystar í sjónum, veldur hann útfellingu á hliðarmálum, flúoríðum og því að sýanið verður skaðlaust. Þar sem verulegt magn af sjó fer um gryfjuna, þynnist það sem eftir er og heildarumhverfisáhrif eru þar af leiðandi hverfandi.

Losun í flæðigryfju 2001 - 2009



Efnavöktun flæðigryfju

■ Ársmeðaltal ■ Mánaðarmæðaltöl

Reglubundið eftirlit er með losun sýaniðs, flúoríðs og hliðarmálma í sjó frá kerbrotagryfjum. Sýnasyrpa er tekin á hálfæði þegar útfall er hálfnað.

Til þess að meta magn efna, sem flæða út úr gryfjunni, eru tekin viðmiðunarsýni við Kalastaði, enda hafa grunnrannsóknir sýnt að sjór flæðir inn í fjörðinn að sunnanverðu og út að norðanverðu.

Staðsetning	Sýni tekið	As (µg/L)	Cd (µg/L)	Cr (µg/L)	Cu (µg/L)	Hg (µg/L)	Ni (µg/L)	Pb (µg/L)	Zn (µg/L)
1 Kerbr.gryfja	Yfirborð næst Landi	2,2 ±0,4	0,14 ±0,08	0,68 ±0,66	4,1 ±4,0	<0,002	11,2 ±10,3	0,5 ±0,4	9,2 ±8,3
2 Garður suðurendi	Yfirborð næst Landi	1,9 ±0,2	0,06 ±0,02	0,80 ±1,22	3,2 ±3,3	<0,002	5,8 ±8,7	0,5 ±0,4	37,0 ±54,6
3 Garður suðurendi 4 m	4m frá Landi 1m dýpi	2,2 ±0,3	<0,05 ±0,00	0,26 ±0,26	1,6 ±0,8	<0,002	1,5 ±1,6	0,3 ±0,0	11,8 ±5,1
4 Garður miðja	Yfirborð næst Landi	2,1 ±0,5	0,07 ±0,02	1,17 ±1,08	2,6 ±1,7	<0,002	3,7 ±3,3	0,9 ±0,2	18,2 ±4,9
5 Garður miðja 4m	4m frá Landi 1m dýpi	2,4	<0,05	0,11	1,4	<0,002	0,6	<0,3	4,4
6 Garður norðurendi	Yfirborð næst Landi	2,3 ±0,1	0,07 ±0,02	0,50 ±0,57	2,4 ±0,7	<0,002	3,9 ±3,7	0,4 ±0,1	5,8 ±4,6
7 Garður norðurendi 4 m	4m frá Landi 1m dýpi	2,7	<0,05	<0,10	1,2	<0,002	0,5	<0,3	3,8
8 Kalastaðir	Yfirborð næst Landi	2,2 ±0,3	<0,05	0,26 ±0,18	1,5 ±1,1	<0,002	0,8 ±0,2	<0,3	4,1 ±1,6

Meðaltöl mælinga á sýnum teknum 8. júl. 21. sept. og 29. okt. 2009

Synatökustaður	Synataka	Cyaníð Fritt (mg/L)	Cyaníð heild (mg/L)	Flúor (mg/L)	Umhverfismörk málna samkvæmt reglugerð #796/1999 styrkur µg/L	I	II	III	IV	V
1 Kerbr.gryfja	Yfirborð næst landi	0,119	0,113	0,173	0,101	5,62	±2,14			
2 Garður suðurendi	Yfirborð næst landi	0,013	0,011	0,040	0,054	1,93	±1,30			
3 Garður suðurendi 4 m	4 m frá landi 1m dýpi	0,007	0,003	0,018	0,022	1,23	±0,20			
4 Garður miðja	Yfirborð næst landi	0,025	0,021	0,047	0,037	3,26	±1,90			
5 Garður miðja 4m	4 m frá landi 1m dýpi	0,014	0,000	0,048	0,046	1,05	±0,15			
6 Garður norðurendi	Yfirborð næst landi	0,014	0,015	0,029	0,039	2,78	±1,12			
7 Garður norðurendi 4 m	4 m frá landi 1m dýpi	<0,005	<0,005	<0,005		1,07	±0,21			
8 Kalastaðir	Yfirborð næst landi	<0,005	<0,005	<0,005		0,93	±0,04			

Þynning og hlutleysing á sjó sem fer um kerbrotagryfju út á opið haf er það mikil að ekki er að vænta umhverfisáhrifa að ráði.

NIÐURSTÖÐUR

Hráefnis- og auðlindanotkun 2009

	Magn	Eining
Fjöldi starfsmanna	540	
Raforkunotkun	4.176	Gwst
Olíunotkun	402,0	m ³
Gasnotkun	219	m ³
Notkun á köldu vatni	122.800	m ³
Notkun á sjó	7.884.000	m ³
Heildarhráefnisnotkun	2,4	t/t Al
Innflutt hráefni	2,4	t/t Al
Eiturefni & hættuleg efni (fast)	546.132	tonn
Eiturefni & hættuleg efni (fljótandi)	428.975	líttrar
Notkun umbúða og þökkunarefnis	< 300	tonn

Losun efna og meðhöndlun úrgangs

	Magn	Eining
Losun efna í andrúmsloft		
Flúoríð (loftkennt og rykbundið) F	0,43	kg/t Al
Brennisteinstvíoxíð SO ₂	12,5	kg/t Al
Ryk	0,87	kg/t Al
Koltvísýringur CO ₂	1.506	kg/t Al
Kolmónoxíð CO	67,2	kg/t Al
Flúorkolefnissambönd, PFC CO ₂ ígildi	0,125	kg/t Al
Fjölhringa arómatísk vetniskolefni PAH16	0,0006	kg/t Al

Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó

Flúoríð	0,019	kg/t Al
Sýanið (CN)	0,0007	kg/t Al
Seyra	0,02	kg/t Al
Olía / fita í kælivökva frá steypuskála og afriðlum	< 0,5	ppm

Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags

Tæming á rotþró	0,15	kg/t Al
-----------------	------	---------

Magn úrgangs til förgunar

Pressanlegur úrgangur	0,88	kg/t Al
Förgun í flæðigryfju	24,9	kg/t Al

Magn úrgangs til endurvinnslu

Skautleifar og kolaryk	93,7	kg/t Al
Álgjall	12,3	kg/t Al
Timbur	0,89	kg/t Al
Málmar	4,39	kg/t Al
Pappír	0,007	kg/t Al

Magn spilliefna til förgunar

Samtals spilliefni	0,047	kg/t Al
--------------------	-------	---------

Framleiðsla og hráefnisnotkun 2005 - 2009

Álframleiðsla	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
Framleiðsla á hreinu áli	93.425	161.511	238.041	273.825	278.244	tonn
Súrál	180.590	304.635	460.131	526.303	539.000	tonn
Álfúorið	1.495	2.215	4.048	4.397	5.100	tonn
Forbökun skaut (netto notkun)	39.230	71.810	97.981	119.600	116.000	tonn
Própangas	763	860	865	556	219	m3
Flotaolía MDO	113,8	146,5	215,3	0	0	m3
Gasolía (Dieselolía)	161,5	266,2	324,9	452,2	402,0	m3
Sódi		93,4	274,5	70	20	98
tonn						
Kragasalli	1.601	1.316	1.587	1.697	1.506	tonn
Steypujárn	658	920	684	362	918	tonn
Gafflar og viðgerðarefni	2.157	2.110	1.198	300	793	tonn
Raforka			1.366.190	2.589.724	3.590.078	
4.041.350	4.176.000	Mwst				
Iðnaðarvatn	31.540	43.600	51.380	62.200	49.400	m3
Neysluvatn	41.000	51.000	59.000	80.800	73.400	m3
Sjór	7.570.000	12.141.360	16.398.720	13.140.000	7.884.000	m3
Glussaolía	4,0	5,8	9,8	11,0	17,2	m3
Kæliolía	3.200	10.191	13.104	7.130	3.860	lítrar
Ýmis olíuhreinsiefni	1.440	440	1.060	1.760	4.335	lítrar
Smurolía	12.000	620	4.513	5.600	5.400	lítrar
Bakskautsteinar	726	112	929	560	775	tonn
Kísiljárn	8,2	11,2	14	15	15	tonn
Ferromangan	2	3	5	4	6	tonn
Ferfosfór	32	5	13	1	5	tonn
Kolefni	15	23	37	1	23	tonn
Stálhögl	26	36	60	47	40	tonn
Tréspírur	13.130	18.260	48.556	61.110	32.200	stk
Rafgeymar	27	11	18	41	88	stk

Notkun eiturefna og hættulegra efna 2005 - 2009 (Xn, T, Tx, C, Xi, E, Fx, F, O, N)

Efni	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
DAG 2671 (O,T,N)	5.500	2.000	7.500	4.000	3.000	lítrar
DAG 554/20 (C,N,Xn)	3.250	3.250	6.800	8.975	6.775	lítrar
Plicast strong mix P	210	197	152	19,9	68,4	tonn
Þjöppusalli (T)	1.112	925	640	106	349	tonn
Kragasalli (T)	1.051	1.316	1.587	1.697	1.506	tonn
Própangas (Fx,F,E)	763	860	865	556	219	m3
Flotaolía MGO (Xn, O)	113,8	146,5	215,3	0	0	m3
Gasolía (Dieselolía) (Xn,O)	161,5	266,2	324,9	452,2	402,0	m3
SPARTAN EP 220	500	50	200	0	0	lítrar
Glussaolía	4,0	5,8	9,8	11,0	17,2	m3
Krýólít	0	6.983	129	0	0	tonn
Sódi (Xi)		93,4	274,5	70	20	98 tonn
Álfúorið (Xn)	1.495	2.215	4.048	4.397	5.100	tonn
Súrál (Xn)	180.590	304.635	460.131	526.303	539.000	tonn
Ferromangan (Xn)	2	3	5	4	6	tonn
Ferfosfór (Xn)	32	5	13	1	5	tonn

Losun í loft 2005 - 2009

Efni	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
CO	7.720	14.400	19.875	20.716	18.700	tonn
CO2	136.000	266.000	362.000	410.000	419.000	tonn
CF4	8.100	53.000	58.000	48.000	26.000	t CO2 ígildi
C2F6	2.750	18.000	19.000	16.000	8.900	t CO2 ígildi
SO2	779	1.800	2.210	3.448	3.478	tonn
Fjölhringa arómatísk vetnis- kolefni	56	97	143	164	167	kg
Heildarflúor	31	78,4	127	116	120	tonn
Ryk (PM10)	84.2	177	186	250	243	tonn

Losun í sjó 2005 - 2009

Efni	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
Flúorið	4,2	9,6	17,9	7,6	5,3	tonn
Sýanið (CN)	<600	<400	<200	<200	<200	kg

Úrgangur 2005 - 2009

Úrgangur frá fráveitu	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
Seyra	30	20	45	<10	6	tonn
Annar úrgangur (úr rotþrómm)	20	15	20	<10	41	tonn

Úrgangur til endurvinnslu	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
Skautleyfar	7.551	17.551	26.077	26.219	26.070	tonn
Kolaryk	511	1.080	1.015	1.350	1.539	tonn
Álgjall	1.495	1.647	2.224	2.971	3.409	tonn
Timbur	97	804	766	215	249	tonn
Málmur	907	1.220	940	930	1.222	tonn
Skrifstofupappír	2	2	2	2	2	tonn

Spilliefni	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
Oliúúrgangur	0,7	3	4	3	3	tonn
Rafgeymar og rafhlöður	0,7	1	2	1	1	tonn
Spilliefni	5,7	15	17	21	13	tonn
Úrgangsolía	8,8	14,0	24,8	24,7	16,2	m3

Fastur úrgangur	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
Pressanlegur úrgangur	76	27	424	274	246	tonn
Hjólbarðar	3,5	9,3	17	10	3	tonn

Úrgangur 2005 - 2009

Úrgangur í flæðigryfju	Magn 2005	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Eining
Skautleyfar	466	159	85	30	20	tonn
Kolaryk	22	37	2	60	500	tonn
Kerbrot	3.808	2.211	2.480	1.237	3.402	tonn
Uppsóp úr þekjuefnavinnslu	350	669	1.640	2.910	2.423	tonn
Deiglusteinar	131	117	6	0	0	tonn
SiC steinar	170	100	1	56	0	tonn
Möl og jarðvegur	19	39	1	2.790	605	tonn
Losun í flæðigryfju	4.966	3.332	4.215	7.083	7.450	tonn

